

Ed.

46. Nefndarálit

í málinu: Frumvarp til laga um almennan ellistyrk.

Vér, sem háttv. e. d. alþingis hefir skipað í nefnd til að ihuga mál þetta, höfum á nokkrum fundum rætt það með oss, og leyfum oss að gera eftirfylgjandi grein fyrir álitinu voru.

Stjórnin lagði sams konar frv. fyrir alþingi 1907 og var það ítarlega rætt þá í n. d., en varð ekki lokið í efri deild.

Aðalhugsun frumvarpsins er sú, að efla svo alþýðustyrktarsjóði þá, sem nú eru til orðnir samkv. lögnum frá 11. júlí 1890 og 18. febr. 1897 um styrktarsjóði handa alþýðufólki, að þeir geti miklu fljótar og verulegar komið að tilætlunum notum, heldur en enn á sér stað, og jafnframt að styrkur úr sjóðum þessum sé eingöngu veittur ellihrumum mönnum, til þess að styrkurinn hlutist ekki um of í sundur og verði svo notaminni, heldur geti náð sem best ætlunarverki sínu, »að vernda öll heiðarleg gamalmenni frá að lifa nauð á elliárunum«.

Neðri deild alþingis 1907 gerði á frumvarpinu þá aðalbreyting, að styrkurinn skyldi einnig ná til heilsuþiladra manna, sem ekki geta unnið fyrir sér á hverjum aldri sem væri og nefndi styrkinn öryrkjastyrk.

Nú hefir stjórnin á ný lagt frv. fyrir alþingi, að mestu leyti með þeim frágangi, er það hafði fengið í n. d., að undanskilinni þeirri breytingu, að aftur er tekin upp sú aðalstefna að láta styrkinn að eins ná til gamalmenna.

Nefndin hefir ekki getað annað en viðurkennt réttmæti hvorartveggja þessarar stefnu og hefir því viljað leitast við að fara meðalveg, þannig að þó að aðalverkefni styrktarsjóðanna sé að styrkja gamalmenni, þá megi þó, þegar sérstaklega stendur á, einnig veita heilsuþilunum mönnum styrk, þótt eigi sé þeir að aldri hnignir.

Þá hefir nefndinni þótt viðsjárvert að hækka svo gjaldið, sem frv. gerir ráð fyrir, þar sem það á nú að hvíla á öllum og kemur því sem ný áлага á mjög marga, og þar á meðal marga, sem lítt eru um álogur færir. Hún hefir því ekki viljað fara hærra en að gera ráð fyrir kr. 1,50 af körlum og 75 aur. af konum.

Samkvæmt því sem talið var á síðasta þingi og enn mun vera réttu næst, eiga gjaldið að greiða 17000 karlmenn, sem verður kr. 25500, og 19000 konur, sem verður kr. 14250 eða samtals kr. 39750. Í meðferð málsins á síðasta þingi var gert ráð fyrir, að landssjóður legði fram helming á móti fúlgju gjaldendanna eða þriðjung af öllum ársviðauka sjóðanna, og hefir nefndin enn hallast að því hlutfalli, en það verður sem næst 50 aur. á móts við hvern gjaldanda eða alls kr. 18000, svo að allur ársaukinn verður kr. 57500.

Þegar styrknum er útbýtt, ætlast frv. til, að útbýtt sé $\frac{2}{3}$ af árgjöldum gjaldenda, en $\frac{1}{2}$ af framlagi landssjóðs og vöxtum sjóðanna. Nefndinni hefir þótt réttast, að úthluta einnig helmingi að eins af árgjöldum, bæði til að koma samræmi á þessa 3 liði og einnig til þess, að sjóðirnir aukist nokkuru örara, sem mun fljótt bera árangur í riflegru styrk, þótt hann í fyrstu verði lítið eitt minni.

Nefndin hefir því komið sér saman um að stinga upp á breytingum, sem fara í þá átt, sem að framan er bent á og með þeim og nokkrum fleiri smábreyt-

ingum, sem gerð mun frekari grein fyrir undir framsögu málsins, leyfir hún sér að ráða háttvirtri deild til að samþykkja frumvarpið.

Breytingatillögur vorar eru þessar:

1. Breyt.till. við 2. gr. stafl. b. Staflidurinn orðist svo: »Þeir sem fyrir ómaga eða ómögum eiga að sjá, sem og þeir, er fyrir heilsubrest eða af öðrum ósjálfráðum ástæðum eigi geta unnið fyrir kaup, ef þessir menn hvorirtveggja að álit hreppsnefndar eru fyrir fátæktar sakir ekki færir um að greiða gjaldið, enda greiði ekkert aukaútsvar».
2. Breyt.till. við 2. gr. stafl. d., síðari málsgrein. Málsgreinin verði ný 3. gr. og orðist svo: »Hver gjaldskyldur karlmaður greiðir í styrktarsjóðinn kr. 1,50 á ári, en kvenmaður 75 aura«.
- Töluröð eftirfarandi greina breytist samkvæmt því.
3. Breyt.till. við 4. gr. Í stað orðanna: »skyldur til að senda nefndum þessum skrá yfir hið gjaldskylda fólk, er dregin sé út« . . . komi: »skyldur til að láta nefndum þessum í té skýrslur þær, er nauðsyn krefur«.
4. Breyt.till. við 5. gr. stafl. a. Í stað: »ellistyrktarsjóðsgjald« komi: »styrktarsjóðsgjald«.
5. Breyt.till. við 5. gr. stafl. b. Í stað: »ellistyrktarsjóðsgjald« komi: »styrktarsjóðsgjald«.
6. Breyt.till. við 5. gr. stafl. c. Síðustu orðin: »sem er á framfæri með þeim«, falli burtu.
7. Breyt.till. við 5. gr. stafl. e. Við málsgreinina bætist: »ef þeir ekki sjálfir eiga heimili forstöðu að veita«.
8. Breyt.till. við 5. gr. síðustu málsg. Á eftir: »styrktarsjóðsgjöld fyrir aðra« hið fyrri sinn, komi: »sem þá skulu sjálfir greiða gjaldið«.
9. Breyt.till. við 7. gr. Á eftir orðunum: »skjóta til sýslumanns innan 15. dags marzmánaðar« komi: »til fullnaðarúrskurðar«
10. Breyt.till. við 11. gr. Í stað: »úthluta $\frac{2}{3}$ hlutum« komi: »úthluta helming«.
11. Breyt.till. við 13. gr. Á eftir 1. málsg., sem endar á: »þáði af sveit«, komi ný málsgrein:

»Þegar sérstakar, knýjandi ástæður eru fyrir hendi, er sveitarstjórn enn fremur heimilt að veita styrk þann, er hér um ræðir, heilsubiluðum fátæklingum, þótt ekki séu þeir orðnir sextugir að aldri».

Alþingi 22. febr. 1909.

Eiríkur Briem,
formaður.

Kristinn Daníelsson,
skrifari og framsögum.

Jósef Björnsson.